



Umhverfis- og samgöngunefnd

Kópavogi, 15. júní 2021
1901034/517.01 BR

Efni: Umsögn umhverfissviðs

Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar þann 15. janúar 2019 var vísað til umsagnar erindi Indriða Stefánssonar varðandi frágang og lokanir verktaka á gangstéttum í bæjarfélaginu.

Aukin áhersla hefur verið á að nauðsynlegar lokanir á gangstéttum og gönguleiðum vari eins stutt og nauðsynlegt er og að hjáleiðir séu öruggar og vel merktar. Verktökum og eftirlitsmönnum er gert að fylgja leiðbeiningum um merkingu vinnusvæða útgefnum af Vegagerðinni.

Ef misbrestur verði á að slíkt sé gert skal hafa samband við umhverfissvið og tilkynna um misbrestinn.

Virðingarfyllt,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar